

## AUGLÝSING

114

11. okt.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveituna á Akranesi, nr. 89 frá 21. sept. 1926.

1. málsgrein 2. greinar gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni skal fyrst um sinn vera sem hér segir: Til ljósa 60 aurar fyrir hverja kílóvattstund, til iðnaðar 40 aurar fyrir hverja kílóvattstund, og 50 aurar á mánuði fyrir hvern rafmagnsmæli yfir starfstímann.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um raforkuvirki nr. 83 frá 1932, sbr. vatnalög nr. 15 frá 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

115

23. okt.

um staðfesting ráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 18 frá 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu:

### LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu.

#### I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenn-ingur fer um, eða er ætlað til almenningsafnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, hólvirki o. s. frv.